

# BORGARSTJÓRN

Ár 2013, þriðjudaginn 18. júní, var haldinn reglulegur fundur í Borgarstjórn Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 14.05. Voru þá komnir til fundar, auk borgarstjóra, eftirtaldir borgarfulltrúar og varaborgarfulltrúar: Björk Vilhelmsdóttir, Karl Sigurðsson, Páll Hjalti Hjaltason, Eva Einarisdóttir, Diljá Ámundadóttir, Einar Örn Benediktsson, Oddný Sturludóttir, Dagur B. Eggertsson, Gísli Marteinn Baldursson, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, Kjartan Magnússon, Júlíus Vífill Ingvarsson, Hanna Birna Kristjánsdóttir og Sóley Tómasdóttir.

Fundarritari var Kristbjörg Stephensen.

## Petta gerðist:

1. Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna:

Borgarstjórn samþykkir að fela Bílastæðasjóði og Strætó að útfæra samkomulag um að viðskiptavinir bílastæðahúsa geti ferðast með strætó án endurgjalds á meðan bifreiðunum er lagt í bílastæðahúsum.

Samþykkt með 15 samhljóða atkvæðum að vísa tillögunni til borgarráðs.

2. Fram fer umræða um jarðhita á Hengilssvæðinu.

3. Kosning forseta borgarstjórnar til eins árs og tveggja varaforseta.

Forseti er kosinn Elsa Hrafnhildur Yeoman með 9 samhljóða atkvæðum.

1. varaforseti er kosinn Björk Vilhelmsdóttir með 9 samhljóða atkvæðum.

2. varaforseti er kosinn Karl Sigurðsson með 9 samhljóða atkvæðum.

4. Kosning tveggja skrifara til eins árs og tveggja til vara.

Kosnar eru án atkvæðagreiðslu Eva Einarisdóttir og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir.

Varaskrifarar eru kosnir með sama hætti Einar Örn Benediktsson og Áslaug María Friðriksdóttir.

5. Kosning sjö borgarráðsfulltrúa til eins árs og sjö til vara.

Kosin eru án atkvæðagreiðslu:

Elsa Hrafnhildur Yeoman  
Einar Örn Benediktsson  
Dagur B. Eggertsson  
Oddný Sturludóttir  
Júlíus Vífill Ingvarsson  
Kjartan Magnússon  
Sóley Tómasdóttir

Varamenn eru kosnir með sama hætti:

Eva Einarisdóttir  
Karl Sigurðsson  
Björk Vilhelmsdóttir  
Hjálmar Sveinsson  
Gísli Marteinn Baldursson  
Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir  
Þorleifur Gunnlaugsson

6. Kosning fimm manna í stjórn Faxaflóahafna sf. til eins árs og fimm til vara; formannskjör.

Kosin eru án atkvæðagreiðslu:

Hjálmar Sveinsson  
Oddný Sturludóttir  
Páll Hjalti Hjaltason  
Júlíus Vífill Ingvarsson  
Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir

Varamenn eru kosnir með sama hætti:

S. Björn Blöndal  
 Arna Garðarsdóttir  
 Dagur B. Eggertsson  
 Gísli Marteinn Baldursson  
 Kjartan Magnússon

Formaður er kjörinn án atkvæðagreiðslu Hjálmar Sveinsson.

7. Kosning fimm manna í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur sf. til eins árs og fimm til vara; formanns- og varaformannskjör.  
 Kosin eru án atkvæðagreiðslu:

Haraldur Flosi Tryggvason  
 Brynhildur Davíðsdóttir  
 Gylfi Magnússon  
 Kjartan Magnússon  
 Sóley Tómasdóttir

Varamenn eru kosnir með sama hætti:

Auður Hermannsdóttir  
 Elín Blöndal  
 Regin Freyr Mogensen  
 Júlíus Vífill Ingvarsson  
 Gísli Marteinn Baldursson

Formaður er kjörinn án atkvæðagreiðslu Haraldur Flosi Tryggvason. Varaformaður er kosinn með sama hætti Brynhildur Davíðsdóttir.

8. Samþykkt með 15 samhljóða atkvæðum að Ragnar Hansson taki sæti Óttarrs Proppé í skóla- og frístundaráði.
9. Samþykkt með 15 samhljóða atkvæðum að Freyja Steingrímsdóttir taki sæti Guðrúnar Jónu Jónsdóttur sem varamaður í menningar- og ferðamálaráði og að Guðni Rúnar Jónasson taki sæti Óskar Vilhjálmssdóttur sem varamaður í ráðinu.
10. Samþykkt með 15 samhljóða atkvæðum að Guðrún Lilja Magnúsdóttir taki sæti Lárusar R. Haraldssonar í hverfisráði Breiðholts og verði jafnframt formaður ráðsins.
11. Samþykkt með 15 samhljóða atkvæðum að Diljá Ámundadóttir taki sæti Óttarrs Proppé sem varamaður í hverfisráði Miðborgar.
12. Borgarstjórn samþykkir að fella niður borgarstjórnarfundir í júlí og ágúst nk. skv. heimild í 3. mgr. 5. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar nr. 1200/2007, með síðari breytingum. Í sumarleyfi borgarstjórnar fer borgarráð með sömu heimildir og borgarstjórn hefur ella, sbr. þó ákvæði 5. mgr. 51. gr. samþykktarinnar.  
 Samþykkt með 15 samhljóða atkvæðum.
13. Lögð fram fundargerð borgarráðs frá 6. júní.  
 23. liður fundargerðarinnar, samþykkt fyrir heilbrigðisnefnd, samþykktur með 15 samhljóða atkvæðum.  
 28. liður fundargerðarinnar, sumarstörf fyrir 17 ára ungmenni samþykktur með 15 samhljóða atkvæðum.
- Kl. 15.25 tekur Óttarr Proppé sæti á fundinum og Diljá Ámundadóttir viku sæti.
14. Lögð fram fundargerð borgarráðs frá 13. júní.  
 8. liður fundargerðarinnar, tillaga um sölu Malbikunarstöðvarinnar Höfða, felldur með 10 atkvæðum gegn 5.  
 11. liður fundargerðarinnar, aukafjárveiting vegna fjölgunar barna í leikskólum, samþykktur með 15 samhljóða atkvæðum.

15. Lagðar fram fundargerðir forsætisnefndar frá 13. júní, mannréttindaráðs frá 28. maí og 11. júní, menningar- og ferðamálaráðs frá 27. maí og 10. júní, skóla- og frístundasviðs frá 5. júní, umhverfis- og skipulagsráðs frá 3., 5. og 12. júní, og velferðarráðs frá 6. júní.
16. Borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir kveður sér hljóðs og gerir grein fyrir lausnarbeiðni sinni í framhaldi af kosningum til Alþingis í apríl sl. Forseti f.h. borgarstjórnar færir Hönnu Birnu Kristjánsdóttur þakkir fyrir störf hennar í þágu borgarbúa og óskar henni velfarnaðar í nýjum störfum.
17. Borgarfulltrúi Óttarr Proppé kveður sér hljóðs og gerir grein fyrir lausnarbeiðni sinni í framhaldi af kosningum til Alþingis í apríl sl. Forseti f.h. borgarstjórnar færir Óttarri Proppé þakkir fyrir störf hans í þágu borgarbúa og óskar honum velfarnaðar í nýjum störfum.

### **Fundi slitið kl. 15.47**

Forseti og skrifarar gengu frá fundargerð.

Björk Vilhelmsdóttir

Eva Einarsdóttir

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir